



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

**Efni:** *Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks*

### Forsaga:

Gildandi reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 11. júní 2015 og á fundi borgarráðs þann 18. júní 2015 og tóku þær gildi 1. ágúst 2016. Breytingar voru samþykktar á reglum á fundi velferðarráðs þann 23. október 2019 og á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2019.

Breytingar þessar eru lagðar til í kjölfar ábendinga frá Rafrænni miðstöð sem annast afgreiðslu umsókna um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks og lúta að því að skýra meðferð og afgreiðslu umsókna ásamt því að hraða afgreiðslu umsóknanna.

### Greinargerð:

Ekki er um verulegar breytingar að ræða frá gildandi reglum. Breytingarnar fela hins vegar í sér breytta uppröðun og kaflaskipan og þá fyrst og fremst með tilliti til málsmeðferðarreglna. Af þeim sökum var talið rétt að leggja fram tillögu að nýjum reglum sem samþykktar verði í heild sinni.

Helstu breytingar eru:

- Lagagrundvöllur er gerður skýrari og tilgreindur sérstaklega í 1. gr. reglnanna.
- Skýrar er kveðið á um að heimilt sé að sækja annars vegar um námsstyrk og hinsvegar styrk til verkfæra- og tækjakaupa (3. gr.).
- Kveðið er á um heimild til að lækka fjárhæð styrks komi til þess að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna (3. gr.).
- Auglýst er eftir umsóknum fyrir 1. september ár hvert en gildandi reglur kveða á um að auglýst skuli fyrir 1. október ár hvert (3. gr.).
- Skýrar er kveðið á um að það sé skilyrði fyrir rétti til styrks samkvæmt reglum að umsækjandi sé fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 (4. gr.).
- Sótt sé um styrki með rafrænum hætti á heimasíðu Reykjavíkurborgar en einnig sé hægt að sækja um á umsóknareyðublaði (5. gr.).
- Gerð er krafa um að umsækjandi skili bæði inn afriti af örorkuskírteini og vottorði frá fagaðila um staðfestingu á fötlun en í eldri reglum var gerð krafa um annað hvort (5. gr.).
- Umsókn er synjað ef hún er ófullnægjandi eða ef henni fylgja ekki nauðsynleg gögn (6. gr.).
- Frestur umsækjanda til að skila inn kvittunum er til 1. desember ár hvert. Skili umsækjandi ekki inn kvittunum innan tímamarkanna fellur styrkveiting úr gildi (6. gr.).



- Réttur til úthlutunar styrks nær til útgjalda/kvittana sem stofnað var til að hámarki 12 mánuðum fyrir auglýstan umsóknarfrest.
- Þá er málsmeðferðarkafli reglnanna uppfærður til samræmis við sambærileg ákvæði í öðrum reglum Reykjavíkurborgar sem eru á ábyrgð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar (8.-15. gr.).
- Lagt er til að reglurnar taki gildi 1. ágúst 2023 (16. gr.).
- Bráðabirgðaákvæði er varðar umsóknir fyrir árið 2019 er fellt brott.

Afgreiðslu umsókna og greiðslu styrkja þarf að vera lokið fyrir áramót hvert ár svo unnt sé að nýta það fjármagn sem úthlutað hefur verið. Því er lagt til að auglýst verði eftir umsóknum eigi síðar en 1. september ár hvert í stað 1. október eins og kveðið er á um í gildandi reglum. Með því að færa auglýsinguna fram til 1. september ár hvert skapast betra svigrúm til að afgreiða umsóknir og greiða út styrkina fyrir áramótin (3. gr.) Sömu sjónarmið eiga einnig við hvað varðar að veita umsækjanda frest til 1. desember ár hvert til að skila inn kvittunum vegna útborgunar styrks. (6. gr.).

Þá er nauðsynlegt að skýrar sé kveðið á um það að eitt af skilyrðum til að geta átt rétt á styrk samkvæmt reglunum sé að umsækjandi sé fatlaður í skilningi laga um þjónustu við faltað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 þar sem borið hefur á því að einstaklingar sem ekki eru fatlaðir í skilningi laganna sækja um styrki samkvæmt reglunum.

Einnig er talið nauðsynlegt að reglurnar kveði á um að umsækjendur þurfi að framvísa bæði afrit af örorkuskírteini og vottorð frá fagaðila um staðfestingu á fötlun (5. gr.) þar sem ekki er hægt að meta út frá örorkuskírteini einu og sér hvort umsækjandi heyri undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Þá er málsmeðferðarkafli reglnanna uppfærður til samræmis við sambærileg ákvæði í öðrum reglum Reykjavíkurborgar sem eru á ábyrgð velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Í gildandi reglum eru ákvæði varðandi málsmeðferð víða í reglunum og því talið mikilvægt að setja þær saman í málsmeðferðarkafli reglnanna.

Gildistökuákvæði reglnanna er tilgreint 1. ágúst 2023 en mikilvægt er að reglurnar taki ekki gildi síðar en þá svo unnt sé að auglýsa styrkina fyrir 1. september eins og lagt er til.

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna breytinga sem fram koma í tillögnum.